

Leiðarvísir um algenga erfiðleika sem nemendur glíma við

Í þessum leiðarvísi er fjallað um þá námserfiðleika sem algengast er að sjá í skólum í dag. Þessar lýsingar gefa okkur nasasjón af því hvernig nemendur og foreldrar þeirra upplifa erfiðleika sína. Þó svo engir tveir nemendur séu eins þá er í leiðarvísinum reynt að sýna fram á hvað kennari getur gert til að aðstoða nemendur í erfiðleikum þeirra jafnframt því að útskýra hvað felst í þessum erfiðleikum. Skilgreiningarnar eru stuttar og eiga það sameiginlegt að vera ekki læknisfræðilegar.

Mikilvægt er að hafa ávallt í huga að flestir nemendur eiga sér þá einlægu ósk að tilheyra, vera þátttakendur og vera viðurkenndir sem hluti af bekknum sínum þegar unnið er með aðlögun í námi þeirra.

Ofvirkni með athyglisbresti – ADHD eða án athyglisbrests - ADD

Almenn skilgreining:

Athyglisbrestur með eða án ofvirkni kemur í ljós snemma í uppvexti barna, fyrir 7 ára aldur. Einkennin eru alvarleg og stöðug og verða að vera sýnileg bæði heima og í skóla. Ef þessi einkenni koma skyndilega í ljós eða aðeins við ákveðnar aðstæður, er ekki um ADHD/ADD að ræða; hegðunarbreytingar geta verið vegna erfiðs ástands heima fyrir, erfiðleika tengda námi, félagslegra erfiðleika eða einhverra annarra ástæðna. Erfiðleikar barna með þessa greiningu eru aðallega á sviði athygli og hegðunarstjórnar þannig að ef ekki er um aðra námserfiðleika að ræða eiga þau að geta lært á sama hátt og önnur börn þegar unnið er með ADD í gegnum aðlögun í námi eða með lyfjagjöf. Stundum eru börn með ADD einnig ofvirk og eiga erfitt með að sitja kyrr þegar þess er ætlast til af þeim, þá er um að ræða ADHD eða ofvirkni með athyglisbresti. Börn sem ekki eru ofvirk en með athyglisbrest eru stundum sögð vera óvirk eða utan við sig.

Kennari sér nemanda sem:

- Virðist ekki vera að fylgjast með þegar innlagn á sér stað í hópi
- Byrjar á verkefni án þess að heyra öll fyrirmælin
- Skilar ítrekað ekki verkefnum, stundum vegna þess að hann var ekki búinn með það, stundum vegna þess að hann gleymdi því heima, stundum vegna þess að hann vissi ekki af því að verkefnið hafði verið lagt fyrir
- Flýttir sér að ljúka verkefnum, fer ekki yfir og gerir oft kæruleysisleg mistök
- Líkar illa við og/eða reynir að forðast að vinna sjálfstætt og einbeita sér
- Er með borðið sitt í óreiðu og týnir oft hlutum, bókum eða verkefnum
- Verður fyrir meiri truflun af innri og ytri áreitum en flest önnur börn
- Verður auðveldlega pirraður eða gefst upp
- Á erfitt með að bíða eftir að röðin komi að honum, truflar aðra, grípur fram í eða einokar samræður
- Stendur upp úr sætinu sínu þegar það er ekki í boði eða fiktar og hreyfir sig mikið þegar fyrirmælin eru að sitja kyrr

Foreldrar sjá barn sem:

- Er leitt yfir því að hafa lokið heimavinnu en gleymt henni heima
- Finnst það aldrei geta gert neitt rétt
- Á erfitt með að skiptast á í samræðum og öðrum félagslegum aðstæðum
- Er stressað og hefur áhyggjur af skólanum
- Getur verið einbeitt þegar það er að gera hluti sem það hefur gaman að heima en á erfitt með að ljúka skólaverkefnum
- Dagdreymir
- Er ákaft og virðist oft barnalegri en jafnaldrarnir

Foreldrar geta haft áhyggjur af því:

- Að barnið þeirra er óskipulagt og skorti einbeitingu
- Að barnið þeirra nær ekki að ljúka verkefnum og fær þ.a.l. lakari einkunnir
- Að barnið er með slaka sjálfsmynd

Foreldrar getu vonast til að:

- Barnið þeirra geti náð að nýta sér eitthvað skipulagskerfi sem hjálpar því að halda utan um verkefni og skil á þeim
- Að barninu þeirra gangi betur í skólanum og fái betra sjálfstraust í námi

Vinir geta séð einhvern sem er:

- Vingjarnlegur og félagslyndur
- Skapandi
- Viljugur að taka áhættu eða gera eitthvað óvenjulegt
- Er snöggur og finnst gaman að leikjum
- Er ráðríkur

Bestu verkefni eru:

- Grípandi og gefa nemandanum leiðir til að fylgjast með eigin framvindu og ögra sjálfum sér
- Gefa skýr viðmið um árangur og hafa innbyggða tíða endurgjöf frá annað hvort fullorðnum eða samnemendum

Það sem hægt er að prófa:

- Láttu nemandann sitja fjarri því sem getur haft truflandi áhrif á hann, s.s. samnemanda sem talar mikið, spegli, vaski, eða hillum með dóti sem auðvelt er að fikta í.
- Láttu nemandann sitja nærri kennaranum og nemendum sem eru róleg og fylgjast með, snúa í átt að kennaranum og frá þeim nemendum sem gætu truflað hann.
- Útbúðu námsumhverfi sem er nokkuð stöðugt. Reyndu að breyta ekki uppröðuninni nema það sé námstengd ástæða fyrir því.
- Komdu þér upp rúttínu fyrir fasta þætti í skólastarfinu, s.s. upphaf skóladagsins, að fara í íþróttir, sund eða sérgreinar, fara í hádegismat eða frímínútur og hvernig dagurinn endar. Eyddu góðum tíma í upphafi skólaársins til að koma þessum reglum á, rifjaðu þær oft upp og aðlagaðu ef þörf krefur.

- Komdu á fyrirsjáanlegu skipulagi skóladagsins. Settu upp stundatöflu hvers dags, myndrænt ef þarf, og láttu vita fyrirfram ef einhverjar breytingar verða svo nemendur séu undir þær búnir.
- Skipuleggðu skólastofuna þannig að allt eigi sinn stað og sé á sínum stað.
- Kenndu nemendum að skipuleggja sig og sitt dót.
- Vertu samkvæmur sjálfum þér í hvernig þú gefur fyrirmæli.
- Gefðu fyrirmæli í listaformi, frekar en sem setningu (fyrst, síðan, næst, síðast).
- Tékkaðu á því að allir skilji fyrirmælin áður en verkefnið hefst.
- Endurtaktu fyrirmæli á eðlilegan hátt. Það gefur til kynna að þú skiljir að nemandinn þarf á þeim stuðningi að halda og eykur líkurnar á því að nemandi biðji um útskýringar þegar hann er óruggur.
- Ef nemandinn á í erfiðleikum með að skila inn heimavinnunni sinni, aðlagaðu magnið svo það verði ekki yfirþyrmandi. Bættu við þegar nemandinn ræður vel við verkefnið.
- Athugaðu oft stöðuna á nemandanum og gefðu endurgjöf á framfarir og hvernig nemandi stendur sig.
- Settu upp ferli til að aðstoða nemandann við að þola biðtíma (taka númer, spyrja sessunaut o.s.frv.).
- Notaðu jákvæðan raddblæ þegar þú gefur nemanda endurgjöf til að hvetja hann til að halda áfram að reyna – svo hann gefist ekki upp.
- Finndu leiðir til að nemandinn geti fengið að standa upp og hreyfa sig í löngum kennslustundum, s.s. fá sér vatn, fara fram á gang í 5 mín., skreppa á bókasafn.
- Þegar mögulegt er reyndu að láta nemendur æfa hugtakanotkun í gegnum samskipti og leiki (spurningar og svör, spil o.þh.).
- Þegar þú sérð hegðun hjá nemandanum sem virkar illa á aðra nemendur, talaðu einstaklingslega við nemandann um það hvers vegna þessi hegðun truflar aðra og komdu á merki ykkar á milli til að geta gefið honum til kynna að hann sé að trufla.
- Láttu nemandann vita að þú vitir að það sé erfitt fyrir hann að bíða eftir að röðin kemur að honum og hrósaðu honum þegar það gengur vel hjá honum.

Óyrtir námserfiðleikar

Almenn skilgreining:

Börn með óyrta námserfiðleika (stundum kallað SELD, socio-emotional learning difficulties eða nonverbal learning difficulties) eiga í erfiðleikum með að skilja óyrtar upplýsingar; venjulega eiga þau auðvelt með allt sem viðkemur málfærni, eins og málfræði og læra nöfn á hlutum. Þau verða fljótt læs og eru með góðan orðaforða, jafnvel betri en jafnaldrar. Þar af leiðandi fá þau oft ekki greiningu á vanda sínum fyrr en farið er að krefjast meira óhlutbundinnar (abstrakt) hugsunar. Áhyggjur geta verið af félagslegri aðlögun og hæfni þeirra til að eignast vini áður en erfiðleikar í námi verða áberandi. Þessi börn eiga í erfiðleikum með félagsleg samskipti því þau skilja ekki óyrt samskipti, eins og líkamstjáningu, svipbrigði og tvíræðni. Þau eiga einnig erfitt með að draga ályktanir og skilja dýpri táknræna merkingu texta þar sem þau

nálgast hann eingöngu orðrétt. Þegar þau lesa veita þau smáatriðum góða athygli án þess að skilja heildina. Skipulagshæfileikar þeirra eru ekki miklir og þau eiga oft í erfiðleikum með rýmisfærni svo sem krafist er í ritun og stærðfræði.

Kennari sér nemandu sem:

- Endursegir sögu sem hann hefur lesið en á í erfiðleikum með að skilja hugmyndina sem hún byggir á.
- Talar hratt og liggur hátt rómur eða notar skrítnar áherslur. Verður meira áberandi þegar nemandinn er stressaður.
- Virðist óþroskaður og háður öðrum.
- Verður leiður yfir félagslegum atvikum sem eru lítilvæg en tekur jafnvel ekki eftir þegar aðrir atast í eða gera grín að honum.
- Er einn í frímínútum, gengur jafnvel fram og aftur á sama stað allan tímann.
- Er með mikið óskipulag á sínum hlutum og finnur ekki bækur eða blöð þegar hann þarf á þeim að halda.
- Veit mjög mikið um afmörkuð efni sem hann hefur áhuga á.
- Virðist frekar kjósa að umgangast fullorðna eða yngri börn en sína jafnaldra.
- Á í erfiðleikum með sjónræna/rýmisþætti sem gera honum erfitt fyrir í stærðfræði, gerir oft villur í útreikningum.
- Á í erfiðleikum með að skilja óhlutbundin stærðfræðihugtök.
- Lætur breytingar á stundatöflu eða annarri rúttínu hafa áhrif á sig.

Foreldrar sjá barn sem:

- Lærði snemma að tala, talaði fljótt málfræðilega rétt og var fljótt að læra að lesa.
- Getur lesið texta sem er ætlaður eldri nemendum en nýtur þess ekki að lesa nema það sé um áhugamál barnsins.
- Hefur ótrúlega gott minni fyrir staðreyndum sem tengjast áhugamáli þess.
- Kemur heim eftir skóla og þarf tíma með sjálfum sér til að jafna sig.
- Hefur ekki mikla almenna skynsemi.
- Verður mjög stressað og áhyggjufullt eftir því sem kröfurnar aukast í skólanum.
- Leikur sér vel við yngri systkin en ekki oft við jafnaldra.
- Á erfitt á samkomum.

Foreldrar geta haft áhyggjur af því:

- Að þrátt fyrir félagslega erfiðleika hefur barnið þeirra átt auðvelt með nám á yngri stigum grunnskólans en lendir í námserfiðleikum þegar námið þyngist.

Foreldrar gætu vonast til að:

- Barnið þeirra eignist að minnsta kosti einn góðan vin og eflist í félagslegum þroska til að eiga góð samskipti við bekkjarfélaga og kennara sína.
- Barnið þeirra geti notað styrkleika sína í námi á uppbyggilegan hátt og öðlist hæfni til að draga ályktanir og skilning á óyrtum samskiptum.

Vinir geta séð einhvern sem er:

- Er út á þekju eða "fattlaus"
- Vill alltaf gera hlutina á sinn hátt

- Virðist skrytinn og er auðvelt að stríða honum
- Hefur fá áhugamál en veit mikið um þau
- Verður stundum æstur út af engu en virðist stundum ekki taka eftir því þegar aðrir eru leiðinlegir við hann

Bestu verkefni eru:

- Uppbyggð á þann hátt að þau fela í sér stuðning við nemandann
- Með sama útlit eða form á verkefnum, námsmati og einstaklingsvinnu
- Tengja saman nýja tegund verkefna eða nýjar upplýsingar við sjónrænar útskýringar eða eitthvað sem er kunnuglegt

Það sem hægt er að prófa:

- Haltu rólegu andrúmslofti í stofunni.
- Komdu þér upp rúttínu og skipulagi sem gerir ráð fyrir tíma til að skipta um verkefni á skipulegan hátt.
- Settu upp stundatöflu dagsins svo að nemandinn geti séð hvað er næst. Það er einnig góð leið til að koma breytingum á skipulagi til skila fyrirfram.
- Settu upp lista yfir efni sem þú ætlar að fara yfir í kennslustundinni. Síðan merkir þú við það þú ert að fara yfir hverju sinni.
- Gefðu tíma í lok dags eða kennslustundar til að skrifa niður heimavinnu og taka saman gögn.
- Finndu leið til að styðja nemandann við að skipuleggja gögnin sín.
- Settu inn á stundatöflu tíma þar sem nemandinn (eða allur bekkurinn) getur farið í gegnum hólfið sitt, möppur eða aðra staði þar sem þeir safna saman verkefnum.
- Ef nemandinn á erfitt með að skrifa glósur af töflu láttu hann þá hafa afrit af glærum eða þínum nótum útprentaðar.
- Láttu nemandann hafa ákveðið hlutverk í hópavinnu sem höfðar til styrkleika hans, t.d. að leita að staðreyndum eða vera ritari.
- Þegar verkefni krefjast þess að nemandinn skilji samhengi hugtaka eða ná heildarmynd, láttu hann þá hafa myndræna framsetningu eins og t.d. hugarkort eða nákvæmar útskýringar.
- Gefðu nemandanum fyrirmynd af því hvernig þú vilt fá verkefni frá honum.
- Komdu upp skýrum reglum um samskipti í bekknum til að tryggja að nemandanum verði ekki strítt og til að honum gangi betur félagslega.
- Ef þú sérð nemandann gera eitthvað sem hefur slæm áhrif á bekkjarfélag hans útskýrðu fyrir honum af hverju það er og gefðu honum hugmynd um aðra nálgun.
- Settu upp aðstæður þar sem nemandinn getur æft félagslegar aðstæður og myndað tengsl við bekkjarfélag.
- Skipuleggðu í samvinnu við sérkennara eða talkennara að nemandinn megi taka með sér vin í tíma til þeirra.

Asperger heilkenni

Almenn skilgreining:

Asperger heilkenni á ýmislegt sameiginlegt með óyrtum námserfiðleikum en er almennt séð talið hafa mun meiri áhrif á getu einstaklinga til eðlilegrar þátttöku í skólastarfi. Það sem þau eiga sameiginlegt er að máltaka var eðlileg (sem er ekki raunin þegar um dæmigerða einhverfu er að ræða), eiga í erfiðleikum með lesskilning og að skilja óyrt samskipti í félagslegum aðstæðum. Það sem skilur á milli þessa tveggja aðallega er að börn með Asperger heilkenni trúa því að það sem þau eru að hugsa sé það sama og aðrir eru að hugsa ólíkt börnum með óyrta námserfiðleika. Börn með Asperger eiga erfitt með að horfa í augu á fólki sem þau tala við, geta haft sérhæfð áhugamál og hafa lítinn áhuga á að leika sér í þykjustuleik. Þau geta líka átt í erfiðleikum með að samhæfa skynjun sína – eins og börn með óyrta námserfiðleika.

Kennarinn sér nemanda sem:

- Er sérstakur í tali og háttum
- Virðist ekki hafa almennan áhuga á að vera í samskiptum við aðra
- Á í erfiðleikum með félagslegar aðstæður
- Verður æstur þegar óvæntar breytingar eiga sér stað
- Þarfnast rúttínu, verður að vita hvað gerist næst
- Á í erfiðleikum með óhlutbundna hugsun, draga ályktanir, skilja óyrt samskipti – hvort sem þau eru í tali eða riti
- Hefur gaman að því að teikna á sinn eigin hátt
- Hefur sérstaka framkomu

Foreldrar sjá barn sem:

- Eyðir tíma sínum einn og virðist taka það fram fyrir félagskap annarra
- Getur þurft að slaka á eftir skóla með því að ganga fram og aftur eða róla sér
- Hefur sterk, afmörkuð áhugamál
- Hefur ekki áhuga á að leika sér í þykjustuleik (á erfitt með að búa til sögur)
- Sýnir e.t.v. ekki svörun við brosi eða öðrum óyrtum félagslegum merkjum
- Finnst ekki gott að láta knúsa sig
- Endurtekur ákveðnar hreyfingar, s.s. að blaka höndum eða rugga sér, sem er meira áberandi þegar barnið er stressað eða hrætt
- Tekur skapofsakast sem ekki er hægt að sjá ástæðuna fyrir
- Er mjög viðkvæmt fyrir líkamlegum skynjunum, svo sem hávaða, snertingu, ljósi eða hitastigi
- Finnst breyting á rúttínu óþægileg og er ekki spennt fyrir nýrri reynslu

Foreldrar getu haft áhyggjur af:

- Að barnið þeirra þroski ekki með sér hæfni til að bjarga sér eða þá félagslegu færni sem nauðsynleg er til að verða sjálfstæður einstaklingur

Foreldrar getu óskað þess að:

- Barnið þeirra eignist vini, eigi auðveldara með að þola og bjarga sér í nýjum eða óvæntum aðstæðum og gangi vel í námi

Vinir gætu séð einhvern sem:

- Hefur ekki áhuga á mörgum leikjum
- Virðist öðruvísi
- Getur ekki keppt og skilur ekki eða leiðir hjá sér reglur í hópíþróttum og leikjum
- Vill leika sér einn

Bestu verkefni:

- Eru með sjónrænum vísbendingum eða leiðbeiningum sem nemandinn getur notað, eins og skrefin sem þarf að taka í verkefninu eða sýnishorn af fullunnu verkefni
- Eru skipt niður í ákveðin skref sem gerir nemandanum auðveldara að skija og styður hann við að vinna sjálfstætt

Það sem hægt er að prófa:

- Settu fram fyrirsjáanlega stundatöflu, skipulögð verkefni og gögn, skýrar leiðbeiningar og vísbendingar um hvenær á að skipta um verkefni eða stofu.
- Aðstoðaðu nemandann við að átta sig á hvenær skipt er um verkefni.
- Byggðu vísbendingar inn í kennsluna (það verður hugarreikningur í fimm mínútur í upphafi stærðfræðitímans og hann er næstum búinn þegar ég segi: fimm mínútur eftir af tímanum).
- Settu upp stundatöflu dagsins og láttu nemandann vita af breytingum fyrirfram.
- Gefðu nemandanum sína eigin stundatöflu (jafnvel myndræna) sem hann getur haft með sér.
- Aðstoðaðu nemandann við að skilja verkefni og hvernig á að leysa það.
- Gefðu skýr þrepaskipt fyrirmæli (fyrst, næst, síðan, að lokum)
- Notaðu sama útlit á verkefni sem koma endurtekið fyrir.
- Tengdu nýjar upplýsingar eða leiðbeiningar við það sem nemandinn þekkir.
- Gefðu nemandanum fyrirmynd af því hvernig lokaafurð gæti litið út.
- Athugaðu skilning nemandans.
- Kennslustundir þurfa að vera skipulagðar og stigskiptar.
- Gefðu nemandanum aukinn tíma til að svara.
- Farðu til nemandans og komdu honum af stað í verkefnum, athugaðu hvort hann hafi skilið fyrirmæli sem gefin eru yfir bekkinn.
- Komdu með dæmi um það sem fram fer í bekknum til að æfa hvernig á að gera og bera sig til við ákveðnar aðstæður.
- Notaðu félagsfærnisögur til að útskýra óyrtað félagslegar aðstæður, æfa sig á breytingum eða fyrir sérstök tilefni, undirbúa breytingar eða þjálfa félagslegar athafnir.

Dyslexía - lestrarerfiðleikar

Almenn skilgreining:

Dyslexía, eða sértækir lestrarerfiðleikar, hefur áhrif á lestrarhæfni. Fólk með dyslexíu á í erfiðleikum með lestur þrátt fyrir góða kennslu og almenna námsgetu.

Erfiðleikarnir eru oftast fólgnir í því að geta tengt saman hljóð og staf og eiga erfitt með að læra og alhæfa málfræðireglur og aðrar reglur tungumálsins.

Kennarinn gæti séð nemanda sem:

- Neitar eða forðast að lesa upphátt eða fyrir bekkjarfélaga
- Lýkur ekki við verkefnin sín
- Á erfitt með hljóðgreiningu sem kemur sterkast fram í því að hann getur ekki lesið bullorð rétt
- Les oft upphafshljóð í orðum og giskar á afganginn
- Virðist eiga erfitt með að halda sér við efnið þegar hljóðlestur er í gangi, skoðar mest myndirnar, truflar aðra eða hegðar sér óæskilega

Foreldrar gætu séð barn sem:

- Segist vera heimskt
- Skammast sín fyrir að lesa verr en bekkjarfélagar eða yngra systkin
- Er þunglynt eða dapurt
- Er undir miklu álagi við að reyna að fela lestrarerfiðleika sína fyrir kennaranum eða félögum sínum
- Vill ekki fara í skólann
- Segist hata að lesa
- Þau kannast við frá eigin skólagöngu (ef foreldri er sjálft með dyslexíu)

Foreldrar gætu haft áhyggjur af:

- Að barnið þeirra gefist upp á námi
- Að barnið sé að dragast aftur úr í námsfögum af því að það er slakt í lestri

Foreldrar gætu óskað:

- Að barnið þeirra haldi í við námsefnið og auki leshraða sinn
- Að barnið þeirra komi til með að lesa sér til ánægju í framtíðinni
- Að kennarinn horfi á styrkleika, hæfileika og getu barnsins og gefi því tækifæri til að njóta sín í námi

Vinirnir gætu séð einhvern sem:

- Er listrænn
- Er skapandi
- Er góður í íþróttum

Bestu verkefnin:

- Eru með skýrar leiðbeiningar skrifaðar með texta sem nemandinn ræður við að lesa
- Gera ráð fyrir að nemandinn þjálfist lestur á texta sem er við hæfi nemandans
- Gefa nemandanum tækifæri til að hlusta á texta sem er of erfiður fyrir hann að lesa sjálfur

Það sem hægt er að prófa:

- Komdu upp merkjamáli sem nemandinn getur notað til að láta vita þegar hann vill lesa upphátt og ekki biðja hann um það nema þú sjáir hann gefa merki.

- Paraðu saman nemendur í bekknum sem lesa á sama stigi
- Láttu nemandann lesa fyrir yngri nemanda í skólanum, passaðu að hann sé búinn að æfa sig vel áður.
- Passaðu upp á að verkefnalýsingar séu á lesmáli sem nemandinn ræður við, ef það er ekki hægt lestu þá fyrirmælin upp fyrir bekkinn og útskýrðu ef þörf krefur.
- Útbúðu lestrarhópa með nemendum sem eru á sama stigi í lestri og kenndu þeim leiðir til að lesa óþekkt orð: brjóta orðið upp í atkvæði, taka forskeytið og/eða viðskeytið af og lesa kjarnaorðið, hljóða sig í gegnum orðið, nota samhengi og fleira.
- Tryggðu að það séu áhugaverðar bækur til í stofunni sem nemandinn getur lesið *sjálfstætt*.
- Haltu skrá yfir bækur sem nemandinn hefur lesið til að geta sýnt honum fram á hvað hann hefur afrekað.
- Gefðu nemanda smá verðlaun þegar hann hefur lesið nokkrar bækur sjálfstætt.
- Kenndu nemandanum hvernig hann getur fundið út hvort hann getur lesið bækur sjálfstætt (hann ætti að geta lesið og borið rétt fram öll orðin á blaðsíðu nema kannski óþekkt nöfn á persónum eða stöðum).
- Finndu og notaðu áhugaverðar bækur á réttu lestrarstigi sem nemandinn getur notað þegar hann er að vinna í hópavinnu.
- Láttu nemandann hlusta á þyngri bækur til þess að byggja upp þekkingu og orðaforða.
- Notaðu stuttar kennslustundir til að kenna hljóðkerfisreglur, atkvæðaskiptingu og leiðir til að lesa orð (s.s. samhengi og morfem).
- Gakktu úr skugga um að nemandinn sé ekki settur í þá aðstöðu að þurfa að skammast sín fyrir lestrargetu sína.
- Veittu tækifæri til að ganga vel í skólanum, svo nemandanum finnist hann vera fullgildur þátttakandi í bekknum.

Dysgraphia – skrifblinda

Almenn skilgreining:

Ritun er flókið ferli. Í því felst að taka hugmyndir sínar, skipuleggja þær á þann hátt að lesandi sjái samhengið, nota málfræði og orðaforða ólíkan og flóknari en sá sem notaður er í töluðu máli, stafsetja orðin rétt og koma þessu á blað annað hvort með því að skrifa eða vélrita í tölvu. Erfiðleikar í þessu ferli geta orsakast af skrifblindu eða hæfni til ritunar sem er slakari en við mætti búast miðað við almenna getu nemandans eða skólagöngu.

Kennari gæti séð nemanda sem:

- Á oft í erfiðleikum með að finna efni sem þarf s.s. bækur, pappíra og möppur
- Skrár ekki hjá sér hvað hann á að gera eða skrár það á ófullkominn hátt
- Skrifar setningar sem vantar orð í eða eru málfræðilega rangar en getur leiðrétt þær þegar hann heyrir þær lesnar upp fyrir sig
- Stafsetur jafnvel stutt og algeng orð rangt og orð sem eru óhljóðrétt

- Er með rithönd sem er erfitt að lesa, jafnvel fyrir hann sjálfan
- Skilar litlu frá sér sem er ritað vegna þess að honum finnst ritun erfið
- Verður pirraður og þreyttur af ritunarverkefnum

Foreldrar gætu séð barn sem:

- Forðast ritunarverkefni, “gleymir” að gera þau eða gefur sér ekki nógu langan tíma til að gera verkefnið vel
- Skrifar aldrei neitt vel. Sama hversu mikinn tíma hann gefur sér þá er útkoman alltaf slök
- Er pirraður því að hann getur ekki lesið skriftina sína og getur þar af leiðandi ekki lagað vinnuna sína
- Getur ekki stafsett orð sem hann ætti að kunna

Foreldrar gætu haft áhyggjur af:

- Að stafsetning og skrift barnsins hafi áhrif á það hvernig kennari lítur á innihald verkefna
- Að aðrir telji barnið heimskt eða latt vegna þess hvernig verkefni þess líta út

Vinir gætu séð einhvern sem:

- Á erfitt með að skrifa en er góður í íþróttum, tónlist, myndlist og mörgu öðru

Bestu verkefnin

- Setja skipulega fram hvert skref í ritunarferlinu, hugarflug, uppkast, endurskoðun og ritun
- Setja skýrt fram til hvers er ætlast, innifela verkefni sem aðstoða nemandann við að undirbúa og skipuleggja ritun, eru brotin niður í hluta sem auðvelt er að komast yfir og gefa sýnishorn af fullunnu verki

Það sem hægt er að prófa:

- Hafðu skipulagningu og undirbúning fyrir ritun sem hluta af hverju ritunarverkefni.
- Brjóttu stærri skilaverkefni upp í minni hluta sem má skila með reglulegu millibili.
- Láttu nemandann lesa ritunina sína upphátt (með hvísli ef þarf) til að finna villur.
- Láttu hann hafa féлага sem les yfir fyrir hann og aðstoðar við að gera breytingar á texta.
- Láttu nemandann nota forrit í tölvu sem les fyrir hann það sem hann hefur skrifað svo hann geti fundið og leiðrétt villur.
- Gakktu úr skugga um að nemandinn verði fær í að nota villuleitarforrit í tölvunni.
- Leyfðu nemandanum að nota tölvu í ritunar/stafsetningarverkefnum.
- Gefðu nemandanum aukinn tíma til að ljúka við verkefni.
- Leyfðu nemandanum að skila verkefnum munnlega.
- Settu fyrir hópavinnu þar sem ritunin er sameiginleg.
- Búðu til tækifæri fyrir nemandann til að ganga vel og að honum finnist hann vera fullgildur þátttakandi í bekknum sínum.

Stærðfræðierfiðleikar

Almenn skilgreining:

Sértækir erfiðleikar með stærðfræði, eins og aðrir sértækir námserfiðleikar, koma í ljós þegar nemandi sýnir slakari getu í stærðfræði en við mætti búast miðað við almenna getu og skólagöngu. Jafnvel þó teknir séu inn þættir eins og félagsleg staða.

Kennari gæti séð nemanda sem:

- Þarf mikla hjálp með stærðfræðina
- Setur útreikninga ekki skipulega upp
- Kann ekki talnastaðreyndir, jafnvel eftir margra ára þjálfun í skóla og heima
- Notar gagnslausar/gagnlitlar aðferðir (nýtir sér ekki góðar tölur, telur alltaf um einn í stað þess að nota að telja um tvo, fimm eða tíu)
- Á í erfiðleikum með sætiskerfið
- Á í erfiðleikum með að yfirfæra aðferðir sem hann hefur lært og nota þær á nýjar aðstæður
- Er í vandræðum með að finna út hvaða aðgerð hann á að nota þegar hann leysir orðadæmi
- Gleymir því sem hann hefur áður lært

Foreldrar gætu séð barn sem:

- Þarf mikinn tíma og hjálp við að vinna heimavinnu í stærðfræði
- Man ekki útskýringar kennarans um hvernig á að leysa dæmi sem sett eru fyrir heima
- Gerir villur í útreikningum vegna þess að hann skráir dæmin rangt
- Man ekki margföldunartöfluna

Foreldrar gætu haft áhyggjur af:

- Að vegna þess hversu hægt barninu þeirra gengur í stærðfræði þá muni það dragast aftur úr
- Að barnið þeirra geti ekki náð jafnöldrum sínum í stærðfræði

Foreldrar gætu óskað þess:

- Að barnið þeirra þroski með sér skilning á talnakerfinu og gangi vel í stærðfræði í framtíðinni

Vinirnir gætu séð einhvern sem:

- Er góður í lestri og ritun
- Elskar ef til vill að lesa
- Elskar ef til vill að skrifa sögur

Bestu verkefni:

- Eru krefjandi dæmi úr raunveruleikanum og hægt er að rökstyðja lausnina með því að nota þekkingu barnsins
- Krefja nemendur um að þeir tali saman um hvernig þeir leysi dæmin til að styðja við lausnarleiðir þeirra, hjálpa þeim að sjá að það eru margar leiðir til lausnar og hjálpa þeim sem sem eru að nota lélegar aðferðir til að færast áfram

Það sem hægt er að prófa:

- Settu fyrir stærðfræðiverkefni sem hægt er að leysa á fleiri en einn hátt
- Leyfðu nemandanum að nota hundraðstöflu og vasareikni til að erfiðleikar hans komi ekki í veg fyrir að hann þroski með sér rökhugsun.
- Gefðu nemandanum tækifæri til að vinna með fullorðnum (til að gefa aukna þjálfun), annað hvort einstaklingslega eða í litlum hópi.
- Gakktu úr skugga um að nemandinn sé að vinna verkefni sem eru hæfilega krefjandi, ekki of létt og ekki of þung (innan zone of proximal development).
- Hvettu nemandann til að nota hluti (sætiskerfiskubba eða einingarkubba) og teikna til að leysa verkefni.
- Kenndu nemandanum hvernig sätiskerfið virkar.
- Útskýrðu að það er miklu erfiðara að leysa verkefni ef skráningin er óskipulögð og sóðaleg og gerðu kröfur um snyrtimennsku í stærðfræðibókinni. Hvettu nemandann til að nota tækni eins og nota rúðurnar í stílabókinni, strika undir svör og þess háttar.
- Kenndu nemandanum að hann eigi að segja allt dæmið þegar hann leysir það (segja þrisvar sinnum fimm er fimmtán í stað þess að segja fimmtán eingöngu).
- Vinna einungis með talnastaðreyndir sem nemandinn kann ekki.
- Stýrðu daglegri 5 mínútna þjálfun með talnastaðreyndir.
- Leyfðu nemandanum að nota töflur (plús, mínus, margföldun eða deiling) þegar hann er að byggja upp þekkingu á talnastaðreyndum.
- Láttu nemendur vinna í pörum og litlum hópum til að ræða leiðir til lausna.
- Láttu nemendur segja frá því hvernig þeir leysa verkefni í bekknum svo að allir geti séð hvernig aðrir leysa verkefni.
- Láttu nemendur skrifa niður hvernig þeir leystu verkefni.
- Láttu nemendur skrá hjá sér í stærðfræðiorðabók skilgreiningar, aðferðir, dæmi og aðrar upplýsingar sem geta aðstoðað þá við að leysa dæmi. Þeir geta síðan leitað sér upplýsinga í þessari bók þegar þeir lenda í vandræðum með verkefni.
- Reyndu að komast hjá því að kenna nemendum stærðfræði utanbókar. Gakktu úr skugga um að nemendur skilji þær hugmyndir sem liggja að baki samlagningar, frádráttar, margföldunar, deilingar og sätiskerfis.
- Láttu nemendur útskýra hvað þeir eru að hugsa, taktu tillit til rökstuðnings þeirra þó að hann leiði til rangrar útkomu.
- Láttu nemendur vinna saman í hópum og finna sínar eigin leiðir til lausnar og tryggðu að nemandinn sé með a.m.k. eina lausnarleið á hreinu fyrir hverja aðgerð.
- Gefðu nemendum tækifæri til að ganga vel og finnast þau vera viðurkenndur meðlimur bekkjarins.

Tourette heilkenni

Almenn skilgreining:

Tourette heilkenni er sjúkdómur sem verður fyrst vart við í bernsku og veldur því að einstaklingar eru með kæki, líkamlegar hreyfingar og/eða hljóð. Algengt er að

sjúkdómnum fylgi einnig árátta?- og þráhyggja, athyglisbrestur og ofvirkni. Hann hefur truflandi áhrif á hæfni nemandans til að læra. Kækirnir geta verið minni heima fyrir vegna þess að nemandinn er afslappaðri þar. Lyf geta haft góð áhrif á kækina en ekki látið þá hverfa að fullu.

Kennarinn gæti séð nemanda sem:

- Grettir sig
- Kallar
- Stekkur upp úr sætinu
- Byr til alls kyns hljóð þó svo hann hafi verið beðinn um að hætta því

Foreldrar gætu séð barn sem:

- Er einmana
- Er tregt að fara á opinbera staði
- Er strítt í skóla eða lagt í einelti
- Verður að eiga við ástand sitt á hverjum degi

Foreldrar gætu haft áhyggjur af því að:

- Kennarar skilji að barnið hefur ekki stjórn á kækjunum. Sum börn geta haldið kækjunum niðri einhvern tíma en þeir verða þá öflugri þegar þeir byrja aftur

Foreldrar gætu óskað þess að:

- Kennarar og bekkjarfélagar geti litið framhjá kækjunum og tekið barninu eins og það er

Vinirnir gætu séð einhvern sem:

- Heldur sig frá hópnum
- Gerir óvenjulega hluti
- Er eins og allir aðrir þegar litið er framhjá kækjunum og maður fer að kynnast honum

Það sem hægt er að prófa

- Sýndu skilning og taktu barninu eins og það er.
- Gerðu nemendum ljóst að stríðni, hæðni og einelti sé ekki liðið í bekknum.
- Gakktu úr skugga um að allir kennarar og fullorðnir sem vinna með nemandanum, þ.á.m. afleysingakennarar, viti um nemandann svo þeir haldi ekki að hann sé að leika sér að vera með kæki.
- Sjáðu til þess að þú, foreldrar eða nemandinn sjálfur segi nemendum í bekknum frá sjúkdómnum.
- Biddu bekkjarfélaga nemandans að aðstoða þig við að útskýra Tourette heilkennið fyrir öðrum í skólanum sem ekki skilja eða vita hvað það er.